



## HEIMUR Í SPÉSPEGLI




Ef ég væri ekki að fara neitt sérstakt þá myndi ég nú ekki flýta mér svona mikið.



Því miður, fiðluleikarinn veiktist í gær.

## MYNDLIST



# Stál og málning

Sverrir Ólafsson sýnir höggmyndir að Kjarvalsstöðum

Ein þeirra listsýninga sem farið hefur fram hjá mönnum í verkfallinu, er sýning Sverris Ólafssonar myndhöggvara, á gangi Kjarvalsstaða. Það er viss kapituli út af fyrir sig hvernig að málum hefur verið staðið á þessum opinbera sýningastað. Þar hefur ríkt einhvers konar „haltu mér, slepptu mér“-stefna, sem bitnað hefur á þeim sem leigt höfðu sér pláss á þessum óheppilaga tíma undir sýningar. Í stað þess að ganga hreint til verks og loka staðnum alfarið, bjóða listamönnum að hætta við eða fresta sýningum, hefur þeim verið leyft að setja upp sýningar fyrir luktum dyrum. Þannig hafa listamenn verið taldregnir á þeirri veiku von að verkfallið leystis áður en leigusamningurinn rynni út.

Afleiðingin hefur orðið sú að listamenn þessir hafa staðið uppi með fjárhagslegan bagga á herðum án þess nokkur sæi sýningar þeirra. Eini sanngjarni leikurinn í þessari stöðu er að fella niður leigugjöldin, en þetta hefði verið að bjóða mönnum annan sýningartíma gegn lægri greiðslu í skadabætur.

Sýning Sverris er umfangsmikil og sýnir hann 32 verk unnin í stál og kopar. Sverrir notar olíumálningu til að gæða stálið lit og í mörgum tilfellum er stálið hreint og beint notað sem undirstaða undir málninguna. Þannig verða til myndir sem raunar eru málverk máluð á stálþynnur. Stálþynnur er meginuppistadan í öllum verkunum á sýningunni. Sverrir notar klippur og logsuðu ásamt hamri til að sveigja og beygja málminn. Fyrir bragðið standa höggmyndirnar opnar; þær eru ekki massívar.

Þetta gerir þær léttar og leikandi en um leið verða þær nokkurs konar millistig frístandandi höggmynda og lágmyndar. Tækni Sverris býður upp á mikla möguleika. Hann finnur sér yrk-

isefni í grímunni, þessari eilífu „arkítýpu“ eða frumgerð og notar þá alla miðla sem hann hefur komið sér upp.



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

Vissulega má finna í verkum hans sterk áhrif frá samtímahræringum í málralist og höggmyndalist. Englendingurinn Bill Woodrow beitir ekki ólíkum aðferðum og ef betur er að gáð leynast þræðir frá þessum verkum aftur til höggmyndalistarinnar eins og hún kom fram á 7. áratugnum í verkum manna eins og Césars og Chamberlain.

En Sverrir gerir sína persónulega úttekt á áhrifunum og tekst að finna sér farveg sem er bæði frjór og möguleikaríkur. Bestu verkini eru sterk og útfærð af krafti og hispursleysi. Eina hættan er fólgin í finleikanum, en efnidýður ekki upp á slíkt. Það gæti leitt til teprulegrar útfærslu sem deydur áhrifamátt sköpunarinnar. Þau verk eru veikust sem byggja á samsetningu trés og finlegra stálsteina. Stálið er nefnilega völdugt í sjálfu sér eins og iðnaðurinn sem við það er kenndur. Því völdugri og hrjúfari sem umgjörð þess er, því sterkari áhrifum geislar það.

Þegar á heildina er lítið má sjá að margt athyglisvert býr í sýningu Sverris. Vald hans á tækni járnsmíðsins sýnir að hann er til alls vís. Spurningin er hvort hann eigi ekki eftir að laða enn snarpári gildi út úr efniviðnum. Sýningin hefur verið framlengd til 4. nóvember.

-HBR

Listasafn Íslands 100 ára

## Sýnir glermyndir Leifs Breiðfjörð

Í Listasafni Íslands stendur nú yfir sýning á 30 nýjum glermyndum eftir Leif Breiðfjörð sem hann hefur gert fyrir Listasafnið í tilefni af 100 ára afmæli þess og tileinkar föður sínum Agnari G. Breiðfjörð blikksmíðameistara.

Á sýningunni í Listasafninu gefst gott tækifæri til að sjá hina fjölbreyttu möguleika glersins. Í verkum sínum hefur Leifur notað handblásið antik-gler, bæði gegnsætt og ógegnsett. Grafísk áferð glers hefur ávallt heillað Leif og

má sjá þess stað í þessum verkum, en í þau hefur hann t.d. notað bólótt, hamrað eða æðótt gler og prisma til að ná fram þeim áhrifum sem hann hefur leitað eftir hverju sinni. Nokkur verkanna eru auk þess máluð og innbrennd.

Mjög vönduð sýningarskrá hefur verið gefin út með litmynd af hverju verki.

Sýningin er opin daglega frá kl. 13.30-16.00 fram til 11. nóvember.

## Blaðburðarfólk

# Ef þú ert morgunhress?

Hafðu þá samband við afgreiðslu Þjóðviljans, sími 81333

Laus hverfi:

Nýja miðbæinn  
Fossvog  
Skerjafjörð

Það bætir heilsu og hag að bera út Þjóðviljann

**ÞJÓÐVILJINN**  
Betra blað



# SMART

## NÝ HÁRSNYRTISTOFA

Veitum alla hársnyrtipjónustu

- DÖMU-, HERRA- OG BARNAKLIPPINGAR
  - DÖMU- OG HERRA PERMANENT
  - LITANIR – STRÍPULITANIR – NÆRINGARKÚRAR
- NÆG BILASTÆÐI

**SMART**

Nýbýlavegi 22 – Kópavogi –  
Sími 46422.

